

# Sylla

## Deildarkynning

2022-2023

### Kennarar á deildinni eru:

Heiðdís Björk Karlsdóttir Deildarstjóri, vinnur 7:30-15:30 nema miðvikudaga til 12.00,

Eyrún Ósk Ingólfssdóttir BA í Þýsku og B.mus. í einsöng frá LHÍ, vinnur 8:00-14:00

Kolbrún Ólafsdóttir starfsmaður í leikskóla, vinnur 8:00-16:15,

Birgitta Pálsdóttir kennari, vinnur 8-16:15

Adreana Lavinia Udrea kennari, vinnur á miðvikud 13:00-16:00 og fimmtud. og föstud. 8:00 – 16:00

**Á Syllu er áhersla lögð á markvissa málörvun, umhverfismennt, sjálfshjálp, félags og tilfinningaþroska og uppbyggingu sjálfsmýndar**

Dagskipulag Syllu veturinn 2022-2023

Klukkan	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
07:45	Sylla opnar	Sylla opnar	Sylla opnar	Sylla opnar	Sylla opnar
08:20 – 09:00	Morgunmatur - leikur	Morgunmatur - leikur	Morgunmatur - leikur	Morgunmatur - leikur	Morgunmatur - leikur
09:00 / 09:30	Hópastarf	Hópastarf	Hópastarf	Hópastarf	Uppákomur
09:30 – 10:30	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera	Útivera
10:30-11:15	Bleyjur/ Ávaxtastund og samvera	Bleyjur/ Ávaxtastund og samvera	Bleyjur/ Ávaxtastund og samvera	Bleyjur/ Ávaxtastund og samvera	Bleyjur/ Ávaxtastund og samvera
11:15 -12:00	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
12:00 -14:00	Hvild	Hvild	Hvild	Hvild	Hvild
	bleyjur/ leikur	bleyjur/ leikur	bleyjur/ leikur	bleyjur/leikur	bleyjur/leikur
14:00-14:15	Samvera	Samvera	Samvera	Samvera	Samvera
14:15 – 15:00	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing	Síðdegishressing
15:00 – 16:15	Bleyjur / Leikur	Bleyjur / Leikur	Bleyjur / Leikur	Bleyjur / Leikur	Bleyjur / Leikur
16:15	Sylla lokar	Sylla lokar	Sylla lokar	Sylla lokar	Sylla lokar

### Matartímar

- ✚ Morgunmatur
  - Hvert barn á sitt sæti.
- ✚ Hópastarf
  - stefnum á að byrja með fast hópastarf í september
- ✚ Ávaxtastund
  - Eftir útiveru er ávaxtastund.
- ✚ Hádegismatur
  - Hvert barn á sitt sæti.
  - Börnin hvött til að smakka allan mat.
- ✚ Síðdegishressing
  - Hvert barn á sitt sæti.
  - Gefum þeim smá vatn fyrst til að svala þorsta, svo fá þau mjólk og meðlæti.

## Hópastarf

- ✚ Í hópastarfi er börnunum skipt í þrjá hópa, fimm og sex barna hópa. Markmiðið er að fá næði og tækifæri til að kynnast börnunum og finna leiðir til að efla þroska hvers og eins. Viðfangsefnin eru fjölbreytt og notuð til að nálgast alla þroskaþætti út frá Aðalnámskrá leikskóla.
- ✚ Í gegnum hópastarf stuðlum við að samheldni og ábyrgðarkennd barnanna gagnvart hverju öðru.
- ✚ Barnið myndar tengsl við jafningja sína og lærir að vinna og leika sér í hóp.
- ✚ Barnið lærir að vinna með fjölbreytileg námssvið og efni og öðlast þannig dýrmæta reynslu og þekkingu sem er liður í uppbyggingu sjálfsmyndar.
- ✚ Hópastarf auðveldar kennurum að fylgjast náið með þroska og getu hvers barns og að hafa heildarsýn yfir hópinn.

Alla morgna nema föstudaga fara börnin í hópastarf frá kl. 9:00 – 9.30.

- Þá er lögð áhersla á leikinn, þar sem aðaláherslan er á félags- og tilfinningaþroska, að þau læri að vinna saman, bera virðingu fyrir hvert öðru, geti virt skoðanir annarra, tjáð tilfinningar sínar o.þ.h. Upplagt tækifæri til náms í litlum hóp með kennara í sér rými.
- Alla daga er lögð áhersla á málörvun með samræðum og lestri bóka og söngva. Sér tónlistartímar verða hjá okkur þar sem við erum svo heppin að hafa hjá okkur kennara með tónlistarmenntun en hún mun sjá um þá tíma.
- Þá verður farið inn á stærðfræðileg hugtök eins og tölur og form.
- Við verðum með grófhreyfingu, jóga og slökun. Við hliðrum til húsgögnum inni á deild og gerum nokkrar æfingar sem styrkja þau.
- Í listum fá börnin að leika sér með málningu, liti, lím o.þ.h. Þá fá börnin tækifæri til að vinna með margvíslegan efnivið í tengslum við umhverfisþema, hátíðir og hefðir. Lögð er sérstök áhersla á að nota endurnýtanlegan efnivið.
- Uppákomur verða á föstudögum en það kemur í ljós hvernig þær verða útfærðar þegar líður á veturinn.

## **Þema: Ég sjálfur og fjölskyldan mín**

Ætlum að vinna með þemað; *ég sjálfur og fjölskyldan mín* með börnunum í vetur. 😊

### **Könnunarleikur**

Við stefnum á að innleiða könnunarleikinn í vetur. Haustönn verður notuð til að kynna sér áherslur hans. Að öllum líkindum mun könnunarleikurinn verða samfléttaður hópleiknum.

### **Læsi og samvera**

- ✚ Samverustundir eru tvisvar yfir daginn, þá er börnunum skipt niður á eitt til tvö svæði.
- ✚ Mikið um söng og sögur lesnar en þannig læra börnin að njóta þess að hlusta á sögur, ljóð, þulur og ævintýri. Lagaval fer eftir árstíðum, hátíðum og hefðum í samfélaginu eða viðfangsefnum sem unnið er með sérstaklega. Einnig syngjum við ýmis heilsárslög með og án hreyfinga. Þá notum við einnig loðtöflu til að styðjast við sögur og sönglög.
- ✚ Tákni með tali er notað á Syllu í söng og með þulum. Einnig þegar boðið er til matar.
- ✚ Öll börn á Klöppum fá tákni fyrir upphafstafi nafna sinna, svokallað Lubbatákni.
- ✚ Bækur eru alltaf aðgengilegar fyrir börnin.
- ✚ Í hópastarfi og samveru fá börnin tækifæri til að koma fram og segja frá, segja sögu eða syngja.
- ✚ Sjálfsmyndir eru gerðar 2-3x yfir veturinn.
- ✚ Ýmsar merkingar bera fyrir augu barnanna í leikskólanum, t.d. Lubbatákni á veggjum, hlutir merktir, stólar barnanna merktir og fleira.

### **Hreyfing og slökun.**

Við stefnum á léttu hreyfingu barnanna inni á deild. Ætlum að blanda léttum jógaæfingum inn í hreyfinguna. Jafnframt leggjum við áherslu á mikilvægi slökunar. Ekki má vanmeta hreyfingu í útiveru en á Syllu fara öll börn út fyrir hádegisd svo framarlega sem veður leyfir. Þegar líður að vori með hækkandi sól og betra veðri mun útivera aukast. Til að byrja með verður áherslan á útiveru á svæðinu. Með vorinu er stefnan tekin á gönguferðir þar sem reynir á gönguþol og úthald auk þess að upplifa og kanna umhverfið og læra að bera virðingu fyrir náttúrunni. Munum brjóta upp útiveru annað slagið í vetur með gönguferðum um nágrennið.

### **SMT.**

Við tökum þátt í SMT agastefnu leikskólans. Kynnum reglur og notum félagslega hvatningu. Tökum þátt í skráningarviku og vinnu með þríhyrninginn þar sem við

getum betur áttað okkur á hegðunarvanda nú eða fyrirmyndarhegðun barnanna. Til að byrja með munum við leggja áherslu á grunnreglurnar í innlögn. Grunnreglurnar eru: hafa hendur og fætur hjá sér, fara eftir fyrirmælum og nota inniröddina. Við bætum svo fleiri reglum við hægt og rólega en þær verða þá auglýstar á töflu í fataherberginu.

### **Annað:**

- ✚ **Blaut föt** þurfa að fara heim daglega þar sem við erum ekki með neinn þurrskáp og engir ofnar þar sem hiti er í gólfinu.
- ✚ **Karellen.** Kæru foreldrar endilega látið okkur vita í gegnum Karellen eða hringið ef börn ykkar eru veik eða fjarverandi. Karellen er einungis fyrir stuttar tilkynningar annars leggjum við til að foreldrar óski eftir samtali.
- ✚ **Munið að merkja** föt, svefndótið, snuð og tengihluti. Börnin eiga það til að færa hluti úr stað og þá er gott að hafa þetta allt merkt.